

FUNDARGERÐ

129. fundar skólanefndar Mýrdalshrepps, haldinn á skrifstofu Mýrdalshrepps, þriðjudaginn 17. janúar 2006 kl. 17:00.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn skólanefndar. Sveitarstjóri ritaði fundargerð á tölvu. Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

I. Tónskólinn

Á fundinn er mætt Kristín Waage tónskólastjóri.

1. Skráningar á vorönn

23 nemendur eru í einstaklingsnámi, ýmist í fullu eða hálfu námi, fjölgun um 3-5 nemendur frá haustönn.

2. Önnur mál.

- Rætt um hnökra varðandi heimakstur skólabarna en bíllinn átti að fara frá skólanum 14:57 eða 3 mínútum áður en tíma í tónskóla lýkur. Búið er að leysa málið.
- Starfsmenn eru að aðstoða félagsmiðstöðina OZ vegna söngvakeppni félagsmiðstöðva og hafa eytt í það töluverðan tíma.
- Skóladagatal verður leiðrétt fyrir næsta fund.

Kristín yfirgefur fundinn

II. Leikskólinn

Aðalheiður boðar forföll.

III. Grunnskólinn

Á fundinn eru mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri og Gunnar Halldórsson fulltrúi kennara. Kristján Kristjánsson fulltrúi foreldra boðar forföll.

1. Viðbrögð við undirskriftalista.

Kolbrún og Victor buðu bréfriturum til fundar við sig en fengu lítil viðbrögð við því. Reynt hefur verið að leysa gæsluna með þeim mannafla sem er innan skólans en án árangurs. Kolbrún óskar eftir að fá að ráða skólaliða í u.þ.b. 25% starf til vorsins til að koma til móts við óskir foreldra. Kostnaður er áætlaður um kr. 200.000,- til loka skólaársins og rúmast ekki innan fjárhagsáætlunar.

Skólanefnd leggur til að Kolbrúnu verði heimilað að ráða skólaliða í um 25% starf til loka skólaárs og tekið verið tillit til þessa máls við skipulagningu næsta skólaárs.

2. Lýðheilsustöð.

Mýrdalshreppur er þátttakandi í verkefninu *Allt hefur áhrif, einkum við sjálf*. Haldinn hefur verið kynningarfundur á vegum Lýðheilsustofnunar og settur var upp stýrihöpur um verkefnið hjá Mýrdalshreppi. Gert hefur verið stöðumat sem leitt hefur í ljós að margt er í góðum farvegi hjá stofnunum sveitarfélagsins. Skólastjórar grunn- og leikskóla ásamt æskulýðs- og tómstundafulltrúa hafa fyllt út gátlista og sent Lýðheilsustofnun. Dreift hefur verið bæklingum frá stofnuninni þ.m.t segulspjaldi með geðorðunum 10 á hvert heimili í sveitarfélaginu. Samráðsfundur verður haldinn 27. janúar n.k. og námskeið fyrir matráða, starfsfólk og foreldra um mánaðarmótin febrúar - mars. Aukin áhersla hefur verið lögð á útivist í grunnskólanum. Skólanefnd lýsir yfir ánægju sinni með verkefnið og þátttöku stofnana sveitarfélagsins í því. Formanni er falið að koma á framfæri þakklæti til Lýðheilsustofnunar.

3. Danskur farkennari

Verkefnið er í ákveðnum farvegi og gert ráð fyrir að grunnskólinn taki þátt í því.

4. Önnur mál.

- a) Þorgerður vekur athygli á myndlistarsýningu grunnskólanema sem er á Halldórskafti og þakkar það framtak.
- b) Þorgerður leggur til að foreldrum verði sendur bæklingurinn *SAFT, netheilræði fyrir foreldra* þar sem foreldrum er leiðbeint varðandi netnotkun barna og unglunga. Kolbrún leggur til að bæklingum verði dreift í væntanlegum foreldraviðtölum.
- c) Sigrún spyrst fyrir um vímuvarnafræðslu og Kolbrún upplýsir að málið sé í farvegi í samráði við lögregluna.
- d) Ragnheiður spyrst fyrir um verkefnið *Blátt áfram* og Kolbrún upplýsir að von sé á þeim á næstu vikum eða mánuðum.

Kolbrún og Gunnar yfirgefa fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:40.

_____	_____	_____
Sigrún Guðmundsdóttir	Þorgerður Einarsdóttir Formaður	Bergþóra Ástþórsdóttir
_____	_____	_____
Ragnheiður Högnadóttir		Andrína Erlingsdóttir